

stóð af óheill en gæfa, þessu þjóðfélagi í þann tíð. Þetta flónskuæði nokkurra skólapilta leiddi tvennt af sér: annað var það að nokkrir æsingaseggjanna urðu að hverfa úr skólanum, sumir áttu ekki afturkvæmt, en aðrir komust þangað aftur. Hitt var það Dr. Björn Olsen fór frá skólanum, var honum svo sárt um gagn og hróður skólans er hann áleit stofnað í hinn mesta vöðva með þessum ærslum, en ekki varð þrot á harki innan skólans, né í blaðrægsni því, er að ærslunum stóð, að hanu tók þann kost að hverfa frá skólanum, ef vera mætti að þessum látum linnu. — Með þessu athæfi var skólinn sviftur ágætasta kennara, sem nokkru sinni hefir við hann starfað, og verður það tjón auðvitað aldrei bætt né metið, er skólinn leið við missi slíks kennara. Nöfn aðal-ærzla-belgjanna urðu kunn, þeir eru flestir á lífi enn, og munu nú sem fæst vilja um þetta tala, og mun þeim svo hendast, en vita mega þeir að enn hafa ekki allir gleymt þeim þetta athæfi þeirra, og má vel vera að enn komi þeim það í koll. — En einn sá maður, er þarna mun hafa verið drjúgur að verki, var Þorsteinn Briem sá, sem nú er atvinnuáráðherra. Hafði hann sig hvergi frammi, en reri vel undir, en lét flitunum á foraðið etja. — Þetta er fyrsti þáttur í opinberu lífi þessa ráðherra.

Þá kemur þar að, er Briem gerðist þjónn kirkju og kristni á Íslandi. — Var hann um eitt skeið klerkur á Hrafnagili nyrðra. Í endalok þeirrar vertíðar náði hann kaupum á þeirri jörð fyrir lítið verð, innan við, eða um 5000 — fimm þúsund — krónur, en seldi hana mjög skömmu síðar fyrir um 40000 — fjórtíu þúsund — krónur. — Voru atvik til þess, sem hér þarf ekki að greina, að Briem vissi það, þegar hann keypti, að hann mundi geta selt jörðina, jafnvel fyrir svo hátt verð að engri átt næði, svo sem á daginn kom. Hagnaðist guðsmaður þessi þannig óbeinlínis á skiftum við föðurlandið um ca. 35000 — þrjátíu og fimm — þúsund krónur. Eftir þetta flutti séra Þorsteinn Briem suður á Akranes, og gerðist klerkur þar. — Fara litlar sögur af honum þar, þangað til í fyrra að Ásgeir Ásgeirsson tók í öxl honum, og varp honum í ráðherrasess á aðra, en ekki æðri, hlið sér, þar setti Ásgeir sjálfstæð-

Vátryggingarhlutafélagið „Nye Danske“

(stofnað 1864)

Brunatryggingar (hús, innbú, vörur o. fl.)

LÍFTRYGGINGAR með sérstaklega góðum kjörum, hvergi betri og áreiðanlegri viðskifti.

Umboðsmaður á Siglufirði:

HAFLIÐI HELGASON.

ismanninn Magnús Guðmundsson.

Af ráðherradómi Þorsteins Briems fara fáar sögur. — En þau tíðindi hafa gerst á þeim tíma er síðan hefir liðið, að einn afundirmönnum Briems sem ráðherra, Jónas Þorbergsson útvarpsstjóri, hefir orðið sekur um miklar gripdeildir frá stofnun þeirri, er hann veitir forstöðu. — Ekki hefir Briem ráðherra við þeim hróflað, heldur lætur hann útvarpsstjóran halda stöðu sinni, „æru og rykti“, sem útvarpsstjórinn mætti með öllu sviftur, ef landslög væri lätin yfir hann ganga, og hefir ráðherrann með þeim raunar gerst samsekur útvarpsstjóranum um afbrot hans. — Jónas Þorbergsson hafði verið þingmaður Dalamanna síðan 1931. Nú þorði hann ekki þar til að ráða aftur, og hvarf frá stjórnáráðum. Enda er fullyrt að Dalamenn vilji ekki sjá hann né heyra, síðan lostið var upp atferli hans sem útvarpsstjóra. En Þorsteini ráðherra Briem varð ekki skotaskuld úr því að bjóða Dalamönnum bætur fyrir missi sinn, og bætturnar voru hvorki meiri né minni, en hann sjálfur, atvinnuáráðherra, yfirmaður útvarpsstjórans og hylmarinn með afbrotum hans. En Dalamenn bita ekki á brisið. Þorsteinn Briem ráðherra féll í Döllum við kosningarnar 16. f. m. og með miklum atkvæðamun. — Hann hafði áður fallið við kosningar í Borgarfirði, og komið mjög hart niður. Þær pólitizku hrakfarir hafa vist verið hinir einu verðleikar hans til ráðherradóms, og nú situr hann sem fastast í minnihlutastjórn Ásgeirs Ásgeirssonar þrátt fyrir blett þann, sem á hann er fallinn vegna framkomu hans í útvarpsstjóramálinu. og síðast en ekki síst þrátt fyrir heilbrigða skynsemi og almennt velsæmi, er hvortveggja segir skýrt að menn sem þjóðin ber ekki traust til, og sem hún vill ekki sjá né heyra, hafi engan rétt til þess að sitja í stjórn landsins og allra sízt þegar þeir eru merktir svo, sem Þorsteinn Briem er.

Hvernig skyldi brezkum stjórn-málamönnum litast á þetta? Skyldi þeim þykja Þorsteinn Briem sóma sér vel í ráðherrasessi?

Og hvað segja Íslendingar sjálfir? Ætla þeir að þetta og þvíumlíkt atferli íslenzkrar stjórnar og stjórn-málamanna sé vel til þess fallið að vekja traust Bretar á þjóðinni? En svo sem alkunnugt er, eru Bretar aðallánardrottnar Íslendinga.

Ritað 11. ágúst 1933.

Arni Arnason
(frá Höfðahólum).

Samsæri kommúnista gegn þýska vísikon-súlum á Siglufirði.

Síðastliðinn sunnudagsmorgun dróg þýski vísikonsúllinn hér Sophus A. Blöndal, flögg að hún í tilefni af dvöl allmargra þjóðverja hér í bænum.

Eftir skipun þýsku stjórnarinnar flaggaði konsúllinn, auk ríkisfánans, með hakakrossfánanum.

Með þessu „tiltæki“ fannst kommúnistaskrilnum sér ófyrirgefana misboðið, og þar sem skynsemi þessara ofbeldissegga er af skornum skanti eins og flestir munu vera farnir að sjá, þurfti ekki meira til að framkalla óþokka-tilhneigingar þeirra.

Samstundis þegar skrállinn kom auga á hakakrossfánann, æddi hann í ofboði til Þóroddar Guðmundssonar sem virðist hafa verið foringi glæpamannana í þessari svívirðingu, og klöguðu fyrir honum. Var þá brugðið við og farið að safna liði til að ráðast að húsi konsúlsins. Um klukkan 12½ var búið að smala ca. 30—40 manns, og þar sem glæpamannseðli Þórodds er ríkt og sýnilega vel skólað eftir Rússlandsveru hans, sá hann sér leik á borði og sveikst vopnaður

heim að húsinu þegar hann hugði allfesta bæjarbúa sesta að snæðingi. Ruddust 3 glæpamannanna inn á afgirtan reit, þar sem reistur hefir verið minnisvarði tengdaföður konsúlsins, og þar af leiðandi helgaður minningu þess mæta manns, en það létu þeir sig engu skifta og réðust inn með Þórodd í broddi fylkingar, og hafði hann blikandi hníf í hendi. Skar Þóroddur á flagglínuna og dróg fánann niður.

Kona konsúlsins var ein heima í húsinu, þegar glæpamennirnir komu, spurði hún Þórodd hvort hann hefði leyfi til að fremja þennan verknað, og svaraði hann því játandi með þeim rökum, að þetta hefðu flokksbræður hans, sem sé glæpamenn annara landa, gert oft og mörgum sinnum. Réðist Þóroddur síðan á fánann með reiddan hnífinn og skar hann í sundur, en hinir tveir sem með honum voru hjálpuðu til að rífa hann. En þetta þótti þessum óþokkum ekki nægilegt, heldur tóku þeir fánapartana og fóru með þá út á götuna, hræktu á þá og tróðu þá niður í forina, og öskruðu ýms ókvæðisorð. Hörmuðu þeir það mjög að þeir skyldu ekki ná í konsúlinn, sem þeir án efa hefðu misþyrmt.

Þegar hér var komið voru allmargir áhorfendur komnir á staðinn, og sáu þá óþokkarnir, að ráðlegast mundi vera að hafa sig á brott.

Það var engu líkara en þarna væru samankomin villidýr með bráð á milli sín, svo mikil var ilskan í glæpamönnunum þar sem þeir voru með fánann, og hinir sem ekki gátu náð til hans hlógu dýrlegum hlátri síðspiltra óþokka.

Þessi atburður er eitt hið svívirðilegasta athæfi, sem kommúnistaskrillinn á Siglufríði hefir framið, og er þó ekki sögur hans saga fram að þeim tíma. Það er óútreiknað það tjón sem þeir hafa valdið mönnum hér með ýmsum glæpsamlegum ofbeldisverkum, en hitt er þó verra þegar einstaklingar sem engin afskifti hafa af þessum mannhundum, geta ekki verið óhultir um sig í sínum eigin húsum fyrir yfirgangi þeirra en það hefir sýnt sig að svo er ekki, á meðan tekið er á þeim með þeim silkihönskum sem hingað til hefir verið gert.

Það er hastarlegt til þess að vita, að Siglufrjóður skuli vera neyddur til að ala upp slíkan þorparalýð, en það má segja að hann sé, svo lengi

Tilkynning frá atvinnumálaráðuneytinu.

Ráðuneytið hefur í dag gefið út auglýsingu svohljóðandi: Auglýsing um útflutning á nýjum og frystum fiski og óverkuðum saltfiski: Hver sá sem óskar að senda til Bretlands hins mikla og Írlands nýjan eða frystan fisk (þar með talin síld) eða óverkaðan saltfisk á yfirstandandi ári, verður fyrir 20. þ.m. að senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skriflega beiðni um leyfi til slíks útflutnings og skal tilgreina í beiðninni í hvaða mánuði fiskurinn eigi að flytjast út. Beiðninni verður að fylgja nákvæm, sundurliðuð skýrsla um útflutning beiðanda á nýjum og frystum fiski og óverkuðum saltfiski á árunum 1930, 1931 og 1932 hverju fyrir sig, og ber að tilgreina stærð hverrar einstakrar fisksendingar, mánaðardag er sendingin fór héðan frá landi, með hvaða skipi hún fór og til hvaða erlendra hafnar hún var flutt. Þetta gildir jafnt hvort sem fiskurinn hefur verið fluttur út í veiðiskipunum sjálfum eða sendur með öðru skipi en því sem hann var veiddur af og jafnt hvort fiskurinn hefur fluzt til brezkra hafna eða annara erlendra hafna.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið.

5. ágúst 1933.

O s r a m ljósaperur

allar stærðir

Verzlun Péturs Björnss.

TVÍLYFT steinhús til sölu og laust til íbúðar 1. október. Upplýsingar hjá BIRNI JÓNASSYNI Lækjarg. 13.

sem ríkisvaldið lætur hann vera varnarlausan gegn kommúnistaskrillum sem hér hefir aðsetur sitt.

Þessvegna verða Siglfirðingar að krefjast þess að þeir menn sem fremstir stóðu í þessu ofbeldisverki, verði látnir sæta þyngstu refsingu, og hédanífrá verði settar strangar varúðarreglur, til tryggingar öryggi siglfirskra íbúa.

Oliuermar
Oliupils (síldarpils)
Oliukápur (síðar)
og annar Oliufatnaður
er beztur og ódýrastur.

Skipaverzlunin

O s r a m ljósaperur

Endast bezt —

lýsa mest.

Verð 1 kr. stk.

Verzlun Andr. Hafliðasonar.

Útgefandi:
Félag Sjálfstæðismanna Siglufríði.
Ábyrgðarm.: Stefán Baldvinsson.